



Borgarráð

Reykjavík, 30. október 2025  
USK25100156

***Efstaland 26, leiga***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi leigusamning við Reiti atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, um afnot af um 653,7 m<sup>2</sup> húsnæði á 3. hæð við Efstaland 26, Reykjavík.

Greinargerð:

Að ósk velferðasviðs Reykjavíkurborgar er gerður leigusamningur við Reiti atvinnuhúsnæði ehf vegna leigu á húsnæði til að veita öruggt skjól fyrir skjólstæðinga Reykjavíkurborgar.

Hið leigða er skráð opið gistiheimili og mun leigusali bæta og aðlaga húsnæðið til að uppfylla skilalýsingu velferðasviðs.

Leigusamningurinn er til 5 ára, frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2030. Miðað er við grunnleigu að fjárhæð 1.999.999 kr. á mánuði.

Leigukostnaður fellur innan fjárhagsramma Velferðarsviðs (VEL).

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Leigusamningur við Reitir auk fylgiskjala

## HÚSALEIGUSAMNINGUR

LANDEIGNANÚMER: L108756 FASTEIGNANÚMER: F2274584

Undirritaðir gera með sér samning um leigu á hluta af húsnæði nr. 26 við Efstaland, 108 Reykjavík.

## Samningsaðilar

**Leigutaki:** Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - Eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Tengiliður: Daniela Katarzyna Zbikowska.

Póstfang: daniela.kz@reykjavik.is, sími 620-3871.

**Leigusali:** Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík.

Tengiliður: Auðunn Sólberg.

Póstfang: audunn@reitir.is, sími: 770-1018.

**1. gr.**  
**Hið leigða**

Hið leigða er hluti húsnæðis við Efstaland 26 í Reykjavík, með tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum eignarinnar eins og þau eru á hverjum tíma. Fasteignanúmer eignarinnar er F2274584. Hið leigða er merkt 291-301 á þriðju hæð fasteignarinnar, sem er skv. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 653.7 fermetrar og er leigt til að hýsa skjólstæðinga Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi fylgiskjöl teljast órjúfandi hluti samnings þessa:

- Skilalýsing.
- Teikningar að hinu leigða.
- Ástandsskýrsla/úttekt frá óháðum aðila, sem staðfestir meðal annars að hið leigða sé laust við rakaskemmdir og í leiguhæfu ástandi við afhendingu.

**2. gr.**  
**Leigutími.**

Leigusamningur þessi er tímabundinn og hefst leigutími eigi síðar en þann 1. janúar 2026 og lýkur þann 31. desember 2030. Hið leigða afhendist við upphaf leigutíma. Leigusamningi þessum lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Hafi leigutaki áhuga á að halda áfram leigu eftir lok leigusamnings skal hann leitast við að tilkynna það til leigusala í síðasta lagi sex mánuðum fyrir lokadagsetningu leigusamningsins.

Haldi leigutaki áfram afnotum sínum af hinu leigða í átta vikur eftir lok leigutímans án sérstaks samkomulags þar um, og efni að fullu skuldbindingar sínar samkvæmt leigusamningi þessum, enda hafi leigusali ekki krafist rýmingar á eigninni á sama tímabili, telst vera kominn á ótímabundinn leigusamningur með sömu skilmálum og greinir í þessum samningi, sbr. 59. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, að því undanskildu að báðum samningsaðilum er þá heimil uppsögn samnings með tólf mánaða fyrirvara.

Auk framangreinds áskilur leigutaki sér rétt til að segja samningnum upp með þriggja mánaðar fyrirvara, reynist hið leigða ónothæft til fyrirhugaðrar starfsemi Reykjavíkurborgar vegna starfsemi annarra aðila í húsinu eða annarra aðstæðna sem valda því að ekki er unnt að nýta húsnæðið með eðlilegum hætti til umsamins tilgangs. Leigutaki skal þó fyrst tilkynna leigusala um slíkar aðstæður og gefa honum hæfilegt tækifæri til úrbóta, nema þær reynist bersýnilega óviðráðanlegar eða ósamrýmanlegar fyrirhugaðri starfsemi.

### **3. gr. Leigukjör.**

Umsamin leigukjör fyrir hið leigða er kr. 1.999.999,- á mánuði. Virðisaukaskattur leggst ekki ofan á ofangreinda upphæð.

Leigukjör taka breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu í desember 2024, sem er 634,1 stig.

Ef ekki er hægt að styðjast við framangreinda vísitölu eða hún er ekki lengur virk vegna aðgerða opinberra aðila geta aðilar krafist endurskoðunar á leigunni með hálf mánaðar fyrirvara þar sem leitast skal við að nota breytingastuðul samkvæmt venjum á þeim tíma.

Gjaldddagi leigunnar er 1. hvers mánaðar og greiðist fyrirfram. Reikningar leigusala skulu berast leigutaka eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á undan. Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala. Reikninga skal senda á Reykjavíkurborg Eignasjóð, kt. 570480-0149, b/t borgarbókhalds Borgartúni 10-12 í Reykjavík eða á bokhald@reykjavik.is.

### **4. gr. Ástand hins leigða og umgengni.**

Leigusali er skuldbundinn til að afhenda hið leigða í fullnægjandi ástandi við afhendingu, samkvæmt skilalýsingu, sbr. fylgiskjal 1, og annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar.

Húsnæðið skal við afhendingu vera sbr. húsaleigulög nr. 36/1994 hreint, rúður heilar, læsingar og rofar virkir, hreinlætis-, hitunar- og heimilistæki sem teljast fylgifé húsnæðis í lagi, sem og vatns- og frárennslislagnir, reykskynjarar og slökkvitæki.

Þá skal leiguhúsnæði að öðru leyti fullnægja kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum. Leigutaka ber að hlíta og fullnægja fyrirmælum brunamálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda, Vinnueftirlits, og annarra opinberra eftirlitsaðila á hverjum tíma varðandi starfsemi í hinu leigða og greiða þann kostnað sem af því kann að hljóta, þ.á m. eftirlitskostnað. Leigutaki telst vera forráðamaður hins leigða í þeim tilvikum sem lög um brunavarnir nr. 75/2000 vísa í slíkt. Leigutaka ber að hafa handslökkvitæki og reykskynjara í sínu rými.

Hafi leigutaki samt sem áður athugasemdir við ástand húsnæðisins við afhendingu þess skal hann koma slíkum athugasemdum á framfæri við leigusala með skriflegum hætti innan fjögurra vikna frá afhendingu ásamt því að útlista hverra úrbóta sé krafist, sbr. 16. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Fyrir afhendingu mun leigusali leggja fram úttektarskýrslu, frá óháðum aðila, um almennt ástand hins leigða, þ.m.t. að það sé laust við raka- og mygluskemmdir.

Leigutaka eru óheimilar allar breytingar á hinu leigða, án samþykkis leigusala.

Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur þó í samráði við leigutaka til þess að raska ekki starfsemi leigutaka.

Leigutaki getur nýtt sér þann búnað sem verður eftir í húsnæðinu við afhendingu, að því gefnu að hann sé nothæfur. Leigutaki ber enga ábyrgð á viðhaldi, endurnýjun, bilun eða skemmdum á búnaðinum, hvorki í upphafi né á leigutímanum. Sé búnaður ónothæfur, brotinn eða horfinn, hefur það enga áhrif á skyldur leigutaka og hann er ekki ábyrgur fyrir því að skila honum. Komi til þess að leigutaki vilji ekki nýta tiltekinn búnað, skal hann láta leigusala vita og getur leigusali þá valið að fjarlægja hann.

## **5. gr.**

### **Greiðsla rekstrarkostnaðar.**

Leigutaki ber ábyrgð á og greiðir allan sérgreindan kostnað af hinu leigða og tekur hlutfallslega þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði, í þeim tilvikum sem það á við. Þessi kostnaður er m.a. umsýslukostnaður, kostnaður við notkun á heitu og köldu vatni, notkun á rafmagni, kostnaður vegna ræstingar, tunnuleigu og sorphirðu, snjómoksturs, vöktun brunaviðvörðunarkerfis og hirðu lóðar. Þá skal leigutaki jafnframt greiða álesturs- og mælagjöld vegna vatns, hita og rafmagns. Leigusali skal við upphaf leigutíma sjá um að tilkynna til viðeigandi aðila leigutaka, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, sem greiðanda rafmagns, hita, vatns o.fl. og senda reikning á þá kennitölu sem notanda hins leigða.

Leigusali skal greiða af hinu leigða húsnæði opinber gjöld og skatta, þ.a.m. fasteignagjöld, lóðarleigu, holræsa- og fráveitugjöld, vatnsskatt, sorphirðugjöld og önnur álögð gjöld sveitarfélaga.

Leigusali greiðir einnig iðgjöld lögbundinna brunatrygginga.

## **6. gr.**

### **Viðhald.**

Leigusali annast á sinn kostnað allt viðhald utanhúss auk þess sem leigusali annast viðhald stofnlagna en með stofnlögnum er átt við lagnakerfi að hinu leigða rými. Viðhaldsskyldur leigusala eru m.a. fólgnar í að mála ytra byrði, laga vatnsrennur og bretti, þakviðgerðir og viðgerð sem felst í malbikun á lóð/bílastæði/gangstétt.

Leigusali skal annast á sinn kostnað allt viðhald á hinu leigða innanhúss að meðtalinni sameign, þ.m.t. lyftum, gólfefnum, dreifilögnum, niðurföllum, loftræstikerfi, brunaviðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi. Leigutaki skal þó annast á sinn kostnað allt smávægileg viðhald innanhúss á hinu leigða.

Leigusali skal gera viðeigandi þjónustusamninga við fagaðila vegna umhirðu lóðar, brunavöktunar og eftirlits með vatnsúðakerfum, slökkvitækjum, neyðarlýsingu, hitakerfum, loftræstikerfum, lyftum, grunnvatnsdælum og öðrum búnaði. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Valdi viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala verulegum afnotamissi hinnar leigðu eignar, í heild eða að hluta, geta aðilar komið sér saman um afslátt af leigu í réttu hlutfalli við afnotamissinn eða haft annað sanngjarnt viðmið til grundvallar.

Leigusali ber ábyrgð að húsnæðið uppfylli skilyrði opinberra reglna og fyriræla s.s. er varðar eldvarnir, heilbrigðis-, rafmagns- og byggingaæftirlit.

Leigusali skal ábyrgjast að hið leigða húsnæði uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra.

Leigusali skal ávallt halda hinu leigða húsnæði í leigufæri ástandi og sinna öllu viðhaldi allt eins og góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Leigutaki skal tilkynna leigusala án tafa ef hann telur viðhaldi ábótavant og skal leigusali vinna viðgerðar- og viðhaldsvinnu fljótt og vel svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigutaka. Bregðist leigusali ekki við tilkynningu skv. þessari grein er leigutaka heimilt að framkvæma viðgerðar- og viðhaldsvinnu á kostnað leigusala.

## **7. gr. Ábyrgð.**

Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu.

Leigutaki ber ábyrgð á tjóni í hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótalaga.

Leigusali ber ekki ábyrgð á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði eða sameign þess vegna skemmda af völdum eldsvoða, vatns, hruns, þjófnaðar eða tjóns af öðrum orsökum.

## **8. gr. Afnot leigutaka.**

Leigutaka ber að afla þeirra leyfa sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi hans í hinu leigða og greiða fyrir þau.

Hið leigða er leigt til að hýsa skjólstæðinga Reykjavíkurborgar.

Leigutaka er heimilt í samráði við leigusala og hönnuð hússins að setja á eigin kostnað nauðsynlegar merkingar á fasteignina. Á þetta bæði við um merkingar á húsinu og á lóð þess.

## **9. gr. Framleiga.**

Leigutaka er heimilt að framleigja hið leigða, í heild eða að hluta, innan skipulagsheildar Reykjavíkurborgar, þ.m.t. til Velferðarsviðs, án sérstaks samþykkis leigusala. Ábyrgð leigutaka gagnvart leigusala helst óskert. Breyting á notkun hinu leigða til annars en umsaminnar starfsemi skal þó háð samþykki leigusala.

Leigutaka er óheimilt að stofna til réttinda til handa þriðja aðila yfir réttindum sínum skv. samningi þessum, t.d. með veðsetningu, nema með samþykki leigusala.

**10. gr.**  
**Skil hins leigða.**

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila hinu leigða í hendur leigusala í sama ástandi og hann tók við því ásamt öllum þeim endurbótum sem hann kann að hafa gert á því á meðan á leigutímanum stóð, að teknu tilliti til eðlilegs slits og notkunar.

**11. gr.**  
**Vanefndir og vanefndarúrræði.**

Standi leigutaki ekki í skilum með greiðslu leigugjalds og/eða verðbóta, eða gangi illa um hið leigða, eða hagnýtir húsnæðið gegn ákvæðum samnings þessa eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum, er leigusala heimilt að rifta leigusamningi þessum. Á sama hátt er leigutaka heimil riftun, ef leigusali brýtur verulega gegn skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar.

Um vanefndir, tilkynningarskyldu vegna þeirra, svo og vanefndaúrræði hvors aðila um sig, fer skv. ákvæðum húsaleigulaga á hverjum tíma sbr. nú XII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

**12. gr.**  
**Annað.**

Um samskipti leigusala og leigutaka og um réttindi og skyldur hvors um sig gilda, að öðru leyti en í samningi þessum greinir og eftir því sem við getur átt, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ef starfsemi leigutaka stöðvast vegna atvika eða ástands hins leigða, getur leigutaki skilað fyrirvaralaust hinu leigða.

Ábyrgðaraðili leigutaka, f.h. Reykjavíkurborgar, skrifar undir samning þennan með fyrirvara um samþykki borgarráðs og öflunar allra nauðsynlegra opinberra leyfa.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Samningur þessi er gerður í Reykjavík þann 28. október 2025

F.h. Reykjavíkurborgar  
(sjá rafræna undirritun)

f.h. Reita atvinnuhúsnæðis ehf.  
(sjá rafræna undirritun)

## Fylgiskjal 1.

# SKILALÝSING

Vegna leigu á húsnæði fyrir skjólstæðinga Reykjavíkurborgar, merkt 291-301, á 3.hæð að Efstalandi 26, Reykjavík,

Leigusali er Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík og leigutaki er Reykjavíkurborg - Eignasjóður, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

## 1. HIÐ LEIGÐA.

Hið leigða er hluti húsnæðis við Efstaland 26 í Reykjavík, með tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum eignarinnar eins og þau eru á hverjum tíma. Fasteignanúmer eignarinnar er F2274584. Hið leigða er merkt 291-301 á þriðju hæð fasteignarinnar, sem er skv. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun 653.7 fermetrar að stærð.

## 2. ÁSTAND HINS LEIGÐA.

Hið leigða er opið gistiheimili við undirritun leigusamnings en leigusali mun bæta og aðlaga húsnæðið til að uppfylla skilalýsingu þessa og teikningu. Rýminu verður skilað fullbúnu til leigutakans í samræmi við skilalýsingu þessa og teikningu.

### Almennt

- Aðlögun húsnæðisins byggir í aðalatriðum á framlagðri teikningu sem kom frá Reykjavíkurborg sem sýnir innra skipulag húsnæðisins og er hluti af skilalýsingu þessari. Innra skipulagið er lagt fram með fyrirvara um samþykki byggingaryfirvalda. Með því er átt við að hugsanlegt er að gera þurfi breytingar á innra skipulagi m.t.t. flóttaleiða, brunavarna (brunastúkunar), aðbúnaðar starfsmanna, staðsetningu tæknirýma o.s.frv.
- Aðilar eru sammála um að stefna beri að vistvænum lausnum í byggingunni eftir því sem kostur er án þess að það hafi veruleg áhrif á kostnað eða framkvæmdalengd verksins. Nær framangreint einnig til alls reksturs.
- Aðilar eru sammála um að hönnun skuli vera hófstíllt, tímalaus og vönduð, í samræmi við gildandi kröfur byggingareglugerðar um húsnæði af þessu tagi. Breytingar frá skilalýsingu þessari eru háðar samþykki leigusala en umframkostnaður sem af þeim breytingum gæti skapast og eru að ósk leigutaka eru á kostnað leigutaka. Leigutaki hefur rétt til að gera athugasemdir við efnisval og hönnun á meðan hönnunarferli stendur.
- Leigusali mun kappkosta að afhending rýmis geti farið fram á umsömdum tíma en verði tafir vegna óska leigutaka um breytingar eða viðbætur skal afhendingartími endurskoðaður með tilliti til þeirra tafa. Sama gildir ef tafir eru vegna kröfu (eða aðgerðaleysis) opinberra aðila eins og t.d. byggingarfulltrúa vegna afgreiðslu byggingaleyfis eða úttekta.
- Með búnaði samkvæmt 4. gr. leigusamningsins er átt við rúm, sófa, náttborð, stóla og aðra sambærilega lausamuni. Lausamunir sem eru til staðar við afhendingu verða eign leigutaka og við skil á húsnæðinu ber honum að sjá til þess að þeir verði ekki skildir eftir.

### 3. BYGGINGAHLUTAR

#### Gólf


- Upprunaleg gólfefni verða í öllum herbergjum, en skipt verður út teppum í þremur herbergjum.
- Alrými og gangar eru með upprunalegum gólfefnum, ef leigutaki óskar eftir breytingum þá er það á hans kostnað.

#### Loft

- Loft verða almennt óbreytt, ef leigutaki óskar eftir breytingu er það á kostnað leigutaka.

#### Veggir

- Veggir eru hefðbundnir, þ.e. einangraðir gífsveggir með tvöföldu gífs á grind.
- Málun rýma verður samkvæmt litatilögu sem Reykjavíkurborg sendi á leigusala 18. júní 2025.



#### Hurðir

- Innihurðir eru hefðbundnar, með yfirfelldum karmi og viðeigandi brunamótstöðu.
- Ekki er gert ráð fyrir hurðarpumpum eða brunaseglum á aðrar hurðir en þær sem eru á brunaskilum.
- Hurðir verða með þeim hætti að leigutaki geti komið fyrir raflæsingum vegna aðgangsstýringa kjósi hann að setja upp þannig búnað en aðgangsstýringar eru á kostnað leigutaka.
- Leigutaki útvegar og greiðir fyrir raflæsingar og þá vinnu að koma raflæsingum fyrir í hurðum. Leigusali útvegar eingöngu lagnaleiðir upp að þeim hurðum sem leigutaki óskar eftir að séu aðgangsstýrðar. Annar kostnaður við aðgangsstýringar liggur hjá leigutaka.

### **Innréttingar**

- Leigusali útvegar aðeins allar fastar innréttingar sem fram koma á teikningu aftast í skilalýsingu.
- Í herbergi nr. 16 verður komið fyrir starfsmannarými sem búið verður lítilli Ikea innréttingu með vaski.
- Eldhús verður stækkað, þar sem geymsla verður sameinuð við eldhús.
- Leigutaki útvegar sjálfur allar innréttingar umfram það sem fram kemur á teikningu aftast í skilalýsingu.
- Leigutaki útvegar allar lausar innréttingar og tæki.
- Innréttingar skulu vera vandaðar, endingargóðar og tímalausar og útlit ákveðið í samráði við arkitekt leigutaka og leigusala.
- Leigutaki sér um að útvega kæliskápa, frystiskápa og uppþvottavél.
- Leigutaki sér um að útvega hillur í geymslu og ræstikompu ef hann þarf umfram það sem er til staðar.
- Leigusali útvegar spegla og salernispappírsstand.

## **4. LOFTRÆSING OG LAGNIR.**

### **Almennt**

- Hita- og vatnslagnir verða að fullu tilbúnar.
- Fullbúnar neysluvatnslagnir að öllum vöskum og salernum.
- Ekki er gert ráð fyrir loftræstingu í öllum rýmum.
- Ofnakerfi verður sjálfstætt með aðskildum ofnum milli rýma og lofthitastýrðum lokum.
- Salerni eru vegghengd.
- Sturtuklefi er dúkalagður.
- Hefðbundin og stílhrein blöndunartæki, vaskar og handlaugar verða á salernum og í eldhúsi.
- Ef leigutaki óskar eftir breytingum á loftræstingu eða lögnum er það gert á kostnað leigutaka.

## **5. RAFLAGNIR.**

### **Almennt**

- Fyrir afhendingu verða engar breytingar gerðar á rafmagni að frátöldu því að komið verður fyrir einum 3 fasa tengli í þvottahúsi eignarinnar. Ef leigutaki óskar eftir breytingum verður það gert á kostnað leigutaka.

### **Lýsing**

- Upprunaleg lýsing er í öllum rýmum. Ef Leigutaki óskar eftir breytingum þá er það á kostnað leigutaka.

**Brunaviðvörunarkerfi**

- Brunaviðvörunarkerfið er sjálfvirkt og hluti af brunaviðvörunarkerfi hússins. Kappkostað verður að truflanir eða óþarfa brunaboð á öðrum leigusvæðum hússins hafi ekki áhrif á starfsemi leigutaka.

**Tölvulagnakerfi**

- Engar breytingar voru gerðar á tölvulögnum, ef óskað er eftir breytingum er það á kostnað leigutaka.

**Aðgangskerfi, innbrotaviðvörunarkerfi og myndavélakerfi**

- Ekki er gert ráð fyrir myndavéla-, aðgangs- eða öryggiskerfum.
  - Kjósi leigutaki að setja upp slíkan búnað gerir hann það á eigin kostnað

**6. SAMEIGN.****Almennt**

- Leigutaki sér um merkingar á húsnæði á sinn eigin kostnað og aflar til þess tilskilinna leyfa frá leigusala. Allar merkingar skulu vera í samráði við leigusala og aðra notendur hússins.
- Kostnaður vegna lagnaleiða í sameign liggur hjá leigutaka hvort sem það snýr að merkingu utanhúss, aðgangskerfi, dyrasíma eða öðru.


- - -

F.h. Reykjavíkurborgar  
(sjá rafræna undirritun)

f.h. Reita atvinnuhúsnæðis ehf.  
(sjá rafræna undirritun)

## Fylgiskjal 2.

## TEIKNING



F.h. Reykjavíkurborgar  
(sjá rafræna undirritun)

f.h. Reita atvinnuhúsnæðis ehf.  
(sjá rafræna undirritun)